

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi Svanabyggðar í landi Efra-Sels.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja 110 m² hús á svæðinu í stað 60 m² og hámarksmanishæð má vera 5 m í stað 4,5 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 18. desember 2007.
2. *Breyting á deiliskipulagi Holtabyggðar í landi Syðra-Langholts IV.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja hús með hámarksnýtingarlutfalli allt að 0,03 eða 3% af stærð lóðar.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. maí 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2008